

# STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 2005

607

Nr. 371

## REIKNINGUR

**Samgöngubótasjóðs Páls Jónssonar 2004.**

**Rekstrarreikningur fyrir árið 2004.**

| <b>Tekjur</b>                  | Kr.          |
|--------------------------------|--------------|
| Vextir af bankainnstæðum ..... | <u>9.015</u> |
|                                | 9.015        |
| <b>Gjöld</b>                   |              |
| Fjármagnsskattur .....         | 901          |
| Tekjur umfram gjöld .....      | <u>8.114</u> |
|                                | 9.015        |

**Efnahagsreikningur pr. 31. desember 2004.**

|                                     |                |
|-------------------------------------|----------------|
| <b>Eignir</b>                       |                |
| Bankainnstæður .....                | <u>175.650</u> |
|                                     | 175.650        |
| <b>Skuldir</b>                      |                |
| Hrein eign pr. 1. janúar 2004 ..... | 175.650        |
| Hreinar tekjur árið 2004 .....      | <u>8.114</u>   |
|                                     | 183.764        |

*Samgönguráðuneytinu, 31. mars 2005.*

F. h. r.

**Halldór S. Kristjánsson.**

30. mars 2005

Nr. 372

## AUGLÝSING

**um umferð um Hvalfjardargöng.**

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, með síðari breytingum, og að fengnum tillögum vegamálastjóra, borgarráðs Reykjavíkur og hreppsnefndar Innri Akranes-hrepps hefur lögreglustjórinn í Reykjavík ákveðið eftirtaldar takmarkanir á umferð um Hvalfjardargöng:

1. Hámarkshraði er 70 km/klst.
2. Flutningur á eldfimu gasi í tönkum og sprengiefni í yfir 50 kg förmum er ávallt bannaður.

Flutningur á eldsneyti í tönkum (og tómum eldsneytistönkum) er bannaður frá kl. 15.00 til kl. 20.00 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga. Á sama tíma er aðeins leyft að flytja gas í hylkjum.

Gutenberg

Flutningur á hættulegum farmi, eins og hann er skilgreindur í 4. gr. reglugerðar nr. 984/2000 um flutning á hættulegum farmi, er bannaður á eftirgreindum tíma:

- Frá kl. 10.00 á föstudögum til kl. 01.00 á laugardögum.
  - Frá kl. 07.00 á laugardögum til kl. 01.00 á sunnudögum.
  - Frá kl. 07.00 á sunnudögum til kl. 01.00 á mánudögum.
  - Frá kl. 10.00 fimmtudaginn fyrir verslunarmannahelgi til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir verslunarmannahelgi.
  - Frá kl. 10.00 miðvikudaginn fyrir páska til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir páska.
  - Frá kl. 10.00 föstudaginn fyrir hvítasunnu til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir hvítasunnu.
3. Akstur dráttarvéla og vinnuvéla er bannaður á eftirgreindum tíma:
- Frá kl. 16.00 til kl. 19.00 mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga.
  - Frá kl. 10.00 á föstudögum til kl. 24.00 á sunnudögum.
  - Frá kl. 10.00 fimmtudaginn fyrir verslunarmannahelgi til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir verslunarmannahelgi.
  - Frá kl. 10.00 miðvikudaginn fyrir páska til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir páska.
  - Frá kl. 10.00 föstudaginn fyrir hvítasunnu til kl. 24.00 að kvöldi þriðjudags eftir hvítasunnu.
4. Bönnuð er öll umferð gangandi og hjólandi vegfarenda, umferð reiðmanna og rekstur búfjár, nema með sérstöku leyfi lögreglustjóra.

Ákvörðun þessi öðlast þegar gildi.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 30. mars 2005.*

**Ingimundur Einarsson** varalögreglustjóri.

## AUGLÝSING

**um breytingu á Skoðunarhandbók ökutækja,  
sbr. auglýsingu nr. 437, 30. júní 1998.**

Ráðuneytið hefur staðfest breytingar á Skoðunarhandbók ökutækja og stoðriti við hana þar sem tilgreint er hver skuli vera framkvæmd skoðunar skoðunarskyldra ökutækja, sbr. 2. mgr. 16. gr. reglugerðar um skoðun ökutækja, nr. 378, 29. júní 1998, sbr. auglýsingu um útgáfu Skoðunarhandbókar ökutækja nr. 437, 30. júní 1998.

Breytingarnar, sem eru dagsettar 1. febrúar 2005 og bera útgáfunúmer 12, öðlast þegar gildi. Umferðarstofa annast dreifingu Skoðunarhandbókar ökutækja til skoðunarstofa og endurskoðunarverkstæða.

Þetta tilkynnist hér með.

*Samgönguráðuneytinu, 21. mars 2005.*

**Sturla Böðvarsson.**

---

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*